



Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun og markaðsfræði. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og efla skilning nemenda á gildi markaðsstarfs. Kynnt er fyrir nemendum helstu atriði í markaðsrannsóknum, gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið.

Markmið

Að nemandinn:

- þekki þróun stjórnunar sem fræðigreinar, tilgang og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- þekki helstu stjórnunarkenningar og stjórnunarstíla
- átti sig á þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- öðlist grunnþekkingu í mannauðsstjórnun
- þekki helstu samkeppnisform og mikilvægustu atriði samkeppnisgreiningar
- geti beitt algengustu hugtökum í stjórnun og markaðsfræði
- þekki mikilvægi markaðsrannsókna
- þekki siðferðileg álitamál er varða viðskipti og markaðsrannsóknir
- geti tjáð skoðanir sínar á grunnatriðum í stjórnun og markaðsfræðum
- geti notað grunnþekkingu sína til að auka þekkingu sína í stjórnun og markaðsfræðum

Kennsluefni: Inngangur að stjórnun. Höf: Sigmar Þormar. Einnig munu nemendur fá efni hjá kennara.

Námsmat: Stórt verkefni 25%, próf 35%, önnur verkefni 35%, mæting og vinnusemi 5%

Próf: Á önninni verður 1 próf sem **allir** verða að taka. Ætlast er til að nemendur fái að lágmarki 4,5

Verkefni: Nemendur mega sleppa einu litlu verkefni á önninni án þess að það hafi áhrif á lokaekunn. Ekki er tekið á móti verkefnum eftir að skilafresti líkur og dregið er niður fyrir sein skil.

Stóra verkefnið: Eitt stórt hópverkefni verður í lok annar sem gildir 25% Allir verða að taka þátt og skila þessu verkefni. ATH einkunn fyrir stóra verkefnið fer eftir þátttöku og virkni hvers og eins.

Vikuáætlun:

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|----------------------|--|----------|
| 33 (18. – 19. ág) | Kynning á áfanganum | |
| 34 (22. – 26. ág) | Inngangur að stjórnun Kafli 1 og 9 | Sjá Innu |
| 35 (29. ág – 2. sep) | Inngangur að stjórnun Kafli 2 og 3 og gildi fyrirtækja | Sjá Innu |
| 36 (5. – 9. sep) | Inngangur að stjórnun Kafli 4 og 8 | Sjá Innu |
| 37 (12. – 16. sep) | Upprifjun Próf úr köflum 1, 2, 3, 4, 8 og 9 (Inngangur að stjórnun) | Sjá Innu |
| 38 (19. – 23. sep) | Ljósrit um stefnumótun, siðferði, gildi fyrirtækja og stjórnun | Sjá Innu |
| 39 (26. – 29. sep) | Ljósrit um stefnumótun, siðferði, gildi fyrirtækja og stjórnun | Sjá Innu |
| 40 (3. – 7. okt) | Stóra verkefnið | Sjá Innu |
| 41 (10. – 14. okt) | Stóra verkefnið Haustfrí – 2 tímar í vikunni | Sjá Innu |
| 42 (19. – 21. okt) | Markaðsfræði /stóra verkefni | Sjá Innu |
| 43 (24. – 28. okt) | Markaðsfræði /stóra verkefni | Sjá Innu |
| 44 (31. – 4. nóv) | Markaðsfræði /stóra verkefni | Sjá Innu |
| 45 (7. – 11. nóv) | Stóra verkefnið | Sjá Innu |
| 46 (14. – 18. nóv) | Stóra verkefnið og undirbúningur kynninga | Sjá Innu |
| 47 (21. – 25. nóv) | Kynningar á lokaverkefni | Sjá Innu |
| 48 (28.nov – 2. des) | Kynningar og lokafrágangur og skil á stóra verkefninu - | Sjá Innu |
| 6. des | Skráp | |

Með fyrirvara um breytingar.

Ingunn Helgadóttir 18. ágúst 2022